

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um áfrýjun á dómi komissarii. 181

— Með þóknanlegu brjefi 2. þ. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað rjettar- 26. ágúst. skjölin í máli því, er höfðað var gegn Þorbjörgu Sveinsdóttur o. fl. fyrir yfirstöplan 298. og 108. grein hegningarlaganna, og hefir Jón ritari Jónsson kveðið upp dóm í því samkvæmt allrahæstri umboðsskrá 1. júlí f. á.; þar með hafið þjer og sent brjef um sama efni frá amtmanninum í suðurumdæmi Íslands, og hafið þjer lagt það til, að dómnum verði skotið til hins konunglega íslenzka landsyfjrrjettar, að því er alla sakborninga snertir.

Það skal nú eigi hjá líða látið, að tjá yður þóknanlega um þetta efni, að ráðgjafinn hlýtur að vera á sama máli sem þjer, herra landshöfðingi, um það, að áfrýja beri dóminum í heild sinni, en að honum beri að skjóta beint til hæstarjettar samkvæmt reglunum í 11. gr. tilsk. 11. júlí 1800. Yður eru nú endursend málsskjölin og skal þjónustusamlega á yður skorað, að yður mætti þóknast að gjöra ráðstafanir þær, sem þörf er á, til þess að málinu verði stefnt fyrir þann rjett.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eptirlaun uppgjafaprests. — 182

Með þóknanlegu brjefi 28. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þýðingu af 26. ágúst. bönarbrjefi frá sira Jóni Thórarensen, er fyr var prestur til Saurbøjarþinga í Dalaprófastsdæmi, og sækir hann þar um, að eptirlaun þau, er honum bera, verði ákveðin 250 kr. árlega samkvæmt 3. gr. laga 27. febr. 1880, en þá er honum var lausn veitt, voru þau samkvæmt 2. gr. nefndra laga ákveðin 190 kr. árlega. Jafnframt hafið þjer látið það álit í ljósi, að eigi sje sannað, að sjúkleikur sá, er valdið hefir því, að beiðandinn varð að fá lausn frá embætti, standi í afleiðingasambandi við framkvæmd embættisstarfa hans, en það hljóti eptir innihaldi tjeðrar lagaákvörðunar að vera skilyrði fyrir því, að ákvæði hennar verði beitt, og muni því eigi fært vera að verða við beiðni umsökjandans. Hins vegar hafið þjer skotið því til ráðgjafans, hvort ástæða kynni til að vera, að leitast við í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1884—85, og ef til kemur, einnig í fjárlagalafrumvarpi fyrir fjárhagstímabil það, er nú stendur yfir, að fá eptirlaun þau, er beiðanda voru veitt, er hann fekk lausn, hækkuð upp í 250 kr. um árið.

Af þessu tilefni skal eigi undanfelld að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer birtið það beiðandanum, að ráðgjafinn verður af ástæðum þeim, er þjer hafið fram tekið, herra landshöfðingi, að vera á sama máli sem þjer um það, að eigi verði unnt að reikna eptirlaun beiðanda eptir 3 gr. laga 27. febr. 1880. En af brjefi ráðgjafans dags. í dag um viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestaekkna, má þóknanlega sjá, að ráðgjafinn hefir í hyggju að beiðast á fjárlögunum fyrir næsta fjárhagstímabil styrks til þeirra uppgjafapresta, sem lausn hafa fengið frá embætti, eptir að lög 27. febr. 1880 náðu gildi, og geta því eigi góðs af notið fjárstyrk þeim, er veittur er fátökum uppgjafaprestum með 13. gr. A, b, 4 fjárlaganna, sbr. 6. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, en eru þó eins styrkþurfandi eins og hinir, er lausn höfðu þegið, áður en tjeð lög náðu gildi, og er ráðgjafinn fús á, að taka beiðandann með í tölu þeirra uppgjafapresta, er slíkrar veitingar verður leitað handa.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eptirlit með flutningi vinfanga frá Danmörku til Íslands¹. — Útaf þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, 28. ágúst. 1882.

1) Samber við þetta brjef og fylgiskjöl þess umburðarbrjef dómsmálastjórnarinnar frá 15. marz 1873. Tíð. um stjórnmálaféni III. bls. 590—592.

4. dag októrmánaðar 1882.